



Laugardalur – Skólaþorp

Breyting á deiliskipulagi


Lögð fram tillaga skóla- og frístundasviðs að breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna skólaþorps við Reykjaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að áður skilgreind lóð fyrir Ævintýraborg, tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar, er breytt í lóð fyrir skólaþorp, tímabundið grunnskólaúrræði Reykjavíkurborgar. Auk þess er lóðin stækkuð út fyrir mörk núverandi bílastæða og yfir aðliggjandi stíg, byggingarheimildir auknar og umferðarfyrirkomulagi breytt á bílastæðum milli Reykjavegar og Laugardalsvallar ásamt því að syðri innkeyrslu á stæðin frá Reykjavegi verður lokað.




Reykjavík



Staðsetning





Skipulag í gildi - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Svæðið er í dag skilgreint sem ÍP1 Laugardalur – Íþróttasvæði

Samhliða breytingu á deiliskipulagi verður auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem lagt er til að svæðið verði skilgreint sem Samfélagsþjónusta.





Skipulag í gildi - Deiliskipulag


Lóð fyrir tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar.

Samþykkt 01.12.2023



Gildandi deiliskipulag 1:1000

Auglýst í B deild 01.12.2023




Breyting á deiliskipulagi

Lóð fyrir tímabundið grunnskóla og/eða leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar

Breytingin felst jafnframt í

- stækkun lóðarinnar út fyrir mörk núverandi bílastæða og yfir aðliggjandi stíg.
- Byggingarheimildir eru auknar
- umferðarfyrirkomulagi er breytt á bílastæðum milli Reykjavegar og Laugardalsvallar. Syðri innkeyrslu á stæðin frá Reykjavegi verður lokað.



Breyting á deiliskipulagi

- Lóðin er 8.675 m² og stækkar því um rúma 2000 m²
- Núverandi göngustígur er færður
- Núverandi trjábelti eru varðveitt og skapa skjól á svæðinu
- Syðri aðkomuvegi inn á bílastæði við Laugardalsvöll verður lokað fyrir bílaumferð.
- Syðri aðkomuvegurinn verður nýttur sem sleppistæði og fyrir aðföng að skólaþorpinu.
- hámarksbyggingarmagn er 2400 m² og hámarkshæð byggingar er 5 m.

